

**Ávarp Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra**

Góðir þingmenn á fjórða þingi Starfsgreinasambands Íslands.

Það gladdi mig þegar ég sá yfirskrift þessa málbings: Samstaða og samvinna. Betra hefði valið ekki getað orðið, því samstaða og samvinna er það sem við þurfum mest á að halda í samfélaginu í dag, þótt sundrung og andstaða verði því miður fulloft ofaná, einmitt þegar mikið liggur við.

Eins og vænta má verður á þinginu fjallað um kjaramál í aðdraganda kjarasamninga, atvinnumál almennt, húsnæðismál og sitthvað fleira. Þetta eru allt saman stór og mikilvæg mál og eðlilegt að taka þau öll upp hér á vettvangi Starfsgreinasambandsins sem er stærsta lands sambandið innan Alþýðusambands Íslands með 19 aðildarfélög og í þeim um 50.000 félagsmenn.

Síðastliðinn föstudag sótti ég ársfund Vinnumálastofnunar þar sem litið var yfir farinn veg og horft til framtíðar, eins og vera ber á slíkum fundi. Á fundinum ræddi ég meðal annars um gildi samstöðu og samvinnu í ljósi þess hvernig tekist hefur með samstilltu átaki stjórnvalda, þar með töldum sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarinnar, að snúa vörn í sókn gegn atvinnuleysi og skaðlegum áhrifum þess. Fjöldi verkefna sem efnt hefur verið til í þessu skyni hefði aldrei orðið að veruleika án samvinnu þessara aðila. Samtakamátturinn hefur skilað árangri – og þannig er það oftast nær. Miklum fjármunum hefur verið veitt til þessara aðgerða og frá árinu 2009 hafa rúmlega fjórir milljarðar króna komið úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna þessa. Hefur áhersla meðal annars verið lögð á að aðstoða unga atvinnuleitendur.

**Ýmis jákvæð teikn eru á lofti.** Á fyrri helmingi þessa árs mældist hagvöxtur hér á landi 2,2% sem er umtalsvert meiri en í helstu viðskiptalöndum okkar. – **Við sjáum kröftugan bata á vinnumarkaðnum** þar sem atvinnuleysi hefur minnkað um 2,2% frá ársbyrjun 2011 en á sama tíma staðið í stað eða jafnvel aukist í öðrum löndum.

Samkvæmt upplýsingum Eurostat (Hagstofu Evrópusambandsins) sem birtar voru í byrjun þessa mánaðar var meðaltal atvinnuleysis í löndunum sautján sem mælingin tekur til 12,0% í ágúst síðastliðnum og var þá búið að leiðrétta fyrir árstíðabundnum sveiflum. **Ísland var þarna í þriðja sæti landa með minnst atvinnuleysi** á eftir Austurríki og Þýskalandi – en rétt er að taka fram að tölur frá Noregi vantaði í þessa úttekt.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var árstíðaleiðrétt atvinnuleysi 4,9% í ágúst síðastliðnum. Þegar horft var til þróunarinnar síðastliðna tólf mánuði kom í ljós að fólki á vinnumarkaði hafði fjölgað um 1,6%, starfandi fólki hafði fjölgað um 2,4%, fólki utan vinnumarkaðar hafði fækkað um 0,8% og atvinnulausum fækkað um 1,6%.

Annað sem mig langar líka til að nefna hér er **mikil og vaxandi þátttaka fólks í símenntun** hér á landi. Árið 2012 var Ísland í þriðja sæti af 35 Evrópuþjóðum þegar skoðuð var þátttaka fólks á aldrinum 25–64 ára í símenntun. Hlutfallsleg þátttaka var rúm 27% hér á landi en mældist 31,6% í Danmörku og tæp 29% í Sviss.

Við getum alveg leyft okkur að vera nokkuð ánægð með stöðu okkar þegar við skoðum þessar tölur og stöðu Íslands meðal annarra þjóða að þessu leyti. – En vandinn er auðvitað ekki leystur. Stóra verkefnið nú er að byggja upp öflugan, sjálfbæran vinnumarkað með fjölbreyttum og eftirsóknarverðum störfum við allra hæfi. Til þess þurfum við að móta okkur framtíðarsýn í atvinnumálum á breiðum grundvelli og til þess þurfum við víðtækt samráð og samstarf.

Ég hef ákveðið að setja af stað vinnu við að móta **heildstæða stefnu til framtíðar um vinnumarkaðsmál**. Ég vil að atvinnumál fatlaðs fólks verði hluti af þeirri stefnu, því mér finnst eðlilegt og mikilvægt að horft sé á atvinnumál allra í samhengi í stað þess að taka tiltekna hópa út fyrir sviga.

Það er líka mikilvægt að vinnumarkaðsstefnan vekji jákvæða framtíðarsýn hjá ungu fólki og hvetji til aukinnar menntunar og betri tengingar milli þeirrar menntunar sem fólk velur sér og þarfa atvinnulífsins.

Sem lið í mótun vinnumarkaðsstefnu verðum við jafnframt að finna leiðir til þess að brjóta upp kynbundið náms- og starfsval og raunar hef ég þegar falið starfandi aðgerðahópi um launajafnrétti kynjanna að skoða þessi mál. Eins eigum við að horfa til þeirrar reynslu sem við höfum innan Vinnumálastofnunar um framkvæmd lánatryggingasjóðs kvenna og styrkja til atvinnumála kvenna. Þessi verkefni hafa staðið yfir í rúmlega tuttugu ár og enn virðist vera þörf á þeim.

Aukinn sveigjanleiki við starfslok er enn eitt atriði sem mér finnst eiga að innleiða með nýrri vinnumarkaðsstefnu. Í mínum huga blasir við að vinnukraftar eldra fólks séu oft og tíðum vannýttir og ég veit að margir bæði vilja og geta verið virkir lengur á vinnumarkaði en lög gera ráð fyrir. Þá væri æskilegt að skapa sveigjanleika sem gerði fólki mögulegt að minnka við sig starfshlutfall eða taka að sér afmarkaðri verkefni sem best falla að hæfni og getu viðkomandi. Það getur verið fólki mikið áfall að ganga út úr fullu starfi einn góðan veðurdag, segja skilið við verkefni og áskoranir vinnunnar og segja skilið við vinnufélagana og vinnustaðinn í einu vetfangi eftir heila starfsævi. Oft er þetta ekki síður áfall fyrir vinnustaðinn. Mikilvæg þekking og reynsla glatast með starfsmanninum og jafnvel verður til skarð sem erfitt getur reynst að fylla að öllu leyti. Þá gæti verið beggja hagr að starfslokin gengju hægar fyrir sig með aðlögunartíma sem samið væri um.

Síðast en ekki síst þarf í vinnumálastefnunni að huga sérstaklega að aðstæðum erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og gæta þess meðal annars að þeir verði ekki félagslegum undirboðum að bráð.

Góðir gestir.

Í lok september lagði ég fram á Alþingi skýrslu um **árangur vinnumarkaðsaðgerða** fyrir ungt fólk og raunar einnig aðgerðir fyrir atvinnuleitendur óháð aldri. Góður árangur hefur verið af flestum ef ekki öllum þeim verkefnum sem hrundið hefur verið af stað á síðustu misserum og ljóst að aðstæður væru allt aðrar og verri ef ekki hefði verið ráðist í öll þessi verkefni.

Sem betur fer hefur verulega dregið úr atvinnuleysinu, eins og sést á stöðu Íslands í samanburði við aðrar þjóðir eins og ég nefndi áðan. Það verður þó áfram þörf fyrir vinnumarkaðsaðgerðir fyrir atvinnuleitendur en augljóslega í mun minni mæli en verið hefur. Ég veit að margir hér hafa áhyggjur af því að ekki verði veitt nægum fjármunum á fjárlögum næsta árs til áframhaldandi vinnumarkaðsaðgerða fyrir þá sem þess þurfa með. Ég deili þessum áhyggjum með ykkur og mun við meðferð fjárlagafrumvarpsins á Alþingi gera hvað ég get til að tryggja aukið fé í verkefni af þessu tagi.

**Húsnæðismál verða á dagskrá þessa þings**, enda er staðan á húsnæðismarkaðnum mörgum afar erfið. Á vegum ráðuneytanna sem þessi mál varða stendur yfir mikil vinna sem miðar að því að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem talin eru í ályktun Alþingis frá í sumar um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Stærstu verkefni mitt og innanríkisráðuneytið vinna að í sameiningu snúa að eigendum yfirskuldsettra íbúða, einstaklingum sem óhjákvæmilega þurfa að ganga í gegnum gjaldprot og svo er það mjög viðamikil verkefni sem lýtur að því **að móta stefnu um framtíðarskipan húsnæðismála**.

Húsnæðismál eru mér alltaf ofarlega í huga, því fátt er mikilvægara fólki en öruggt þak yfir höfuðið. Því miður skortir marga landsmenn þetta öryggi nú um stundir. Ungt fólk sem ætlar að hefja búskap á

Í mesta basli eigi það ekki einhverjar milljónir uppi í erminni eða vísa aðstoð við íbúðakaup hjá sínum nánustu. Því miður eru þeir miklu fleiri sem ekki standa svo vel að vígi og útilokað fyrir það fólk að ætla að kaupa sér húsnæði. Leigumarkaðurinn er ekki skárri kostur við núverandi aðstæður. Hann stendur alls ekki undir því nafni, enda óruggur, eftirspurnin er langtum meiri en framboðið, leiguverðið himinhátt og oft er aðeins tímabundin skammtímaleiga í boði.

Sami og ekki minni vandi snýr að þeim sem misst hafa húsnæði vegna fjárhagserfiðleika. Æ fleiri fara út á leigumarkaðinn, þrátt fyrir hve erfiður hann er og kannanir sýna að mun fleiri myndu vilja eiga þess kost að leigja húsnæði frekar en eiga.

Það er alveg augljóst að staða húsnæðismála hér á landi er óviðunandi og það verður að ráðast í aðgerðir til að skapa þá umgjörð sem færir fólki raunhæfa valkosti í samræmi við getu og þarfir og tryggir nauðsynlegt húsnæðisöryggi. Þetta er hægt – en enn og aftur, þá þarf til þess samráð og samvinnu – og ekki síður samstöðu um leiðir.

**Vinna við mótun framtíðarstefnu í húsnæðismálum** er hafin. Verkefnið felst meðal annars í því að kanna hvaða fyrirkomulag við fjármögnun almennra húsnæðislána er hagkvæmast og gera tillögur um hvernig megi hrinda því í framkvæmd. Jafnframt verður skoðað hvernig tryggja megi virkan leigumarkað hér á landi og einnig skilvirk félagsleg úrræði fyrir þá sem á þurfa að halda, þar sem stjórnvöld sinni afmörkuðu hlutverki með þjónustu í almannapágu á húsnæðislánamarkaði.

Ég er talsmaður þess að stjórnvöld og samtök launafólks taki höndum saman um aðgerðir til að leysa húsnæðisvandann. Ég hef áður rifjað upp júlísamkomulagið frá árinu 1965 þegar samkomulag náðist á landi milli verkalyðshreyfingarinnar, ríkis og borgar um stórátak í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Samkomulagið var liður í lausn á erfiðri vinnudeilu. Þetta varð fyrirmynd að seinni tíma samningum um þjóðarsátt þar sem samið var um fleira en kaup og kjör.

Það gladdi mig að lesa í Morgunblaðinu í dag frétt þar sem fram kom að Starfsgreinasamband Íslands vill vinna með stjórnvöldum að lausn húsnæðisvandans. Bæði Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafa komið fram með hugmyndir í þessum anda. BSRB vill að komið verði á almennu leigukerfi að norrænni fyrirmynd. ASÍ vill beita sér fyrir því að komið verði á fót varanlegu og traustu húsnæðiskerfi og að samtökin eigi frumkvæði að mótun og endurreisn félagslegs íbúðakerfis.

Markmið þeirra sem eiga og reka leigufélög verður að snúast um aukið framboð hagkvæmra leiguíbúða til langtíma. Þess vegna hef ég sagt að verkalyðsfélögin séu öðrum betur fallin til þess að sinna þessu hlutverki. Þau bera hagsmuni félagsmanna sinna fyrir brjósti, eru ekki rekin í hagnaðarskyni og hafa traustan rekstrargrundvöll. Lífeyrissjóðirnir virðast einnig áhugasamir um aðkomu að þessum málum þótt ekkert sé fast í hendi í þeim efnunum.

Það þurfa allir að leggja sitt af mörkum til þess að ráðast í uppbyggingu leigumarkaðar og ríki og sveitarfélögin skipta þar miklu máli. Þar er raunhæfur kostur að bjóða leigufélögum sem byggja án hagnaðarsjónarmiða byggingarlóðir á kostnaðarverði. Með endurskoðun á nýju byggingarreglugerðinni sem nú stendur yfir er markmiðið að auka sveigjanleika og draga úr byggingarkostnaði. Þetta skiptir máli og eins ætti að vera mögulegt að bæta skattaumhverfi leigufélaga og fleiri leiðir eru eflaust færar ef viljinn er fyrir hendi.

Gott fólk.

Það eru stór verkefni og viðfangsefni framundan. Þið undirbúið nú samningaviðræður þar sem kjarasamningar eru lausir í lok nóvember og það skiptir geysilega miklu máli fyrir samfélagið allt hvernig til tekst í þessum samningum. Bætt kjör eru markmiðið en stóra spurningin er hvaða leiðir eru líklegastar til að það náist. Launahækkunir í krónum talið skila litlu ef þær fara beint út í verðlagið með tilheyrandi verðbólgu og þeim slæmu áhrifum sem af henni leiðir.

Samningarnir framundan verða eflaust ekki auðveldir. Það skiptir því öllu máli að aðilar gangi að borðinu með opnum huga og reiðubúnir að skoða ólíkar leiðir til að nálgast viðfangsefnið þannig að árangur náist sem allir geta sætt, bætir lífskjör fólks en stefnir ekki stöðugleika í hættu.